

Pétur Ingi Haraldsson,
Skipulagsfulltrúi
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. desember 2014
Tilvísun: UST20141100111/ksj

Tillaga að deiliskipulagi hálandismiðstöðvar Kerlingarfjöllum

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita Árnессýslu er barst 18. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir hálandismiðstöð í Kerlingarfjöllum.

Umhverfismat

Í öðrum viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er listi yfir framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögnum. Á þeim lista nr. 12.d eru þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi. Í lögnum kemur fram í 6. gr. að slíkar framkvæmdir ber framkvæmdaraðila að tilkynna til Skipulagsstofnunar. Umhverfisstofnun bendir því framkvæmdaraðila á að áætlaðar framkvæmdir eigi að tilkynna til Skipulagsstofnunar.

Aukið umfang

Fram kemur í inngangi erindisins að unnið hafi verið deiliskipulag fyrir Kerlingarfjöll, en að aðsókn að svæðinu hafi aukist og því sé stefnt að meiri aukningu en gert var ráð fyrir í gildandi deiliskipulagi, og því sé lögð fram tillaga að breyttu deiliskipulagi fyrir svæðið. Í breytingartillögunni er áætlað að færa til byggingar sem eru til staðar og auka við áætlað byggingarmagn.

Umfang og afmörkun tillagna

Fram kemur á uppdrætti að á reit A er áætluð 450 m² bygging með veglhæð 8 m, á reit B er áætluð 550 m² bygging á þremur hæðum, á reit C er áætluð þjónustuhús samtals 220 m² auk smáhýsa og á reit K er áætlaðir 720 m² með veglhæð 8 m, á tveimur hæðum. Í umfjöllun um áætlaðar byggingar er ekki gerð grein fyrir þakgerð eða þakformi á væntanlegum byggingum. Að mati Umhverfisstofnunar munu áætlaðar byggingar breyta ásýnd mannvirkja frá því sem nú er. Í dag eru stakar byggingar áberandi, en með breytingunni munu byggingar verða í stærri samfelldum einingum.

Fráveita

Á upplætti kemur fram að miðað sé við að bæta við nýju fráveitukerfi er þjóni byggingum. Umhverfisstofnun bendir á að fráveita og rotþrær skulu vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Greinargerð

Varðandi byggingu A er að mati Umhverfisstofnunar jákvætt að í greinargerð nýrrar tillögu er gert ráð fyrir að efnisnotkun verði timbur, stál eða steinsteypa en ekki eingöngu steinsteypa. Athygli vekur að í greinargerð er talað um mænishæð í umfjöllun um skilmála fyrir reit B, en þaki er ekki lýst að öðru leyti. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að koma fram hvernig þakform er áætlað. Umhverfisstofnun tekur undir þá breytingu að framkvæmdir á reit C eru staðsettar fjær bökkum Ásgarðsár í samræmi við kröfur skipulagsreglugerðar.


Uppgröftur


Fram kemur í greinargerð að hluti af uppgreftri vegna nýrra húsgrunna verði mögulega notaður sem undirlag til uppgreðslu. Að mati Umhverfisstofnunar er í deiliskipulagstillögu gert ráð fyrir verulegri stækkan framkvæmda. Að mati stofnunarinnar er ekki raunhæft að gera ráð fyrir að hægt verði að breiða úr uppgreftri á uppgreðslusvæði, betra væri að gera strax ráð fyrir förgun/nýtingu uppgraftar.

Umhverfisáhrif breytingartillögu

Í tillögu að deiliskipulagi fyrir hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum er áætlun um uppbyggingu sem mun hafa breytingar í för með sér og þar með hafa áhrif á allt svæðið. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að fara fram mat á því hve mikið álag svæðið þolir, áður en farið er í svo mikla uppbyggingu. Tillaga að breyttu deiliskipulagi hálendismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum mun hafa áhrif á ásýnd svæðisins og 8 m háar og umfangsmiklar framkvæmdir koma til með að hafa neikvæð sjónræn áhrif. Fram kemur að heildarfjöldi ferðamanna hefur aukist og mun það skapa álag á umhverfið. Athygli vekur að ekki er minnst á áætlaðan fjölda gesta, og ekki eru færð rök fyrir svo mikilli uppbyggingu. Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að ekkert kemur fram í tillögu að breyttu deiliskipulagi hvernig leysa á fráveitu á svæðinu, aðeins segir að bætt verði við nýju fráveitukerfi. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að koma fram hver eru markmið fyrir svæðið í framtíðinni, þ.e. hve marga ferðamenn má gera ráð fyrir inn á svæðið án þess að upplifun skerðist. Einnig þarf að skoða vel áhrif áætlaðra framkvæmda á heildarsvip svæðisins að mati stofnunarinnar, og athuga hversu mikið byggingarmagn svæðið þolir án þess að hálendisupplifun skerðist. Einnig telur Umhverfisstofnun að koma þurfi fram mikilvægi þess að samræmi sé á útliti bygginga á svæðinu og einnig að mikilvægt er að forðast verði allt óþarfa rask.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur



Adalbjörg B. Guttormsdóttir
Teymisstjóri